

79. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 11. desember, 2015, kl. 12:00

Fundinn sátu

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Lára Hreinsdóttir (varam.), Jóhannes Sveinbjörnsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Freyja Rós Haraldsdóttir, Hildur Guðbjörg Benediksdóttir og Guðni Árnason. Sigurður Ingi Jóhannsson og Elín Einarsdóttir voru voru forfölluð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Mötuneytis ML - 1. ágúst 2014 - 31. júlí 2015. Endurskoðun gjaldskrár mötuneytis og herbergisleigu á heimavistum
2. Fjárhagsáætlun 2016
3. Niðurstaða könnunar á breyttu skipulagi í töflugerð, námi og kennslu
4. Jafnréttismál í ML - jafnréttisfulltrúi
5. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur Mötuneytis ML - 1. ágúst 2014 - 31. júlí 2015. Endurskoðun gjaldskrár mötuneytis og herbergisleigu á heimavistum

Skólameistari dreifði ársreikningi (fskj. 1) og gjaldkeri mötuneytis Ragnheiður Bjarnadóttir, sem sat fundinn undir þessum lið, kynnti helstu þætti reikningsins. Rekstur mötuneytisins var í jafnvægi á reikningsárinu. Skólameistari kynnti samanburð milli heimavista framhaldsskóla, eins og kostnaður er tilgreindur á heimasíðum þeirra.

Í framhaldinu lagði hann til eftirfarandi vegna vorannar 2016:

Að samræmd verði gjaldskrá þannig, að þvottahúsgjald verði ekki innifalið í herbergisleigu þar sem það hefur í raun skilað afgangi í þvottahúsinu sem hefur komið til lækkunar mötuneytiskostnaðar. Herbergisleiga verði óbreytt. Með þessu móti verður áætlaður kostnaður á önn u.þ.b. 275000. Hækkun á mötuneytisgjaldi yrði þannig 9%. Auk ofangreinds skýrist þessi hækkun af því, að mötuneytisgjald hefur ekki hækkað undanfarin tvö ár og af hækkunum á launakostnaði og hráefni. Tillagan var samþykkt samhljóða eftir nokkrar umræður.

2. Fjárhagsáætlun 2016

Skólameistari kynnti og skýrði helstu þætti áætlunarinnar. (fskj 2)

3. Niðurstaða könnunar á breyttu skipulagi í töflugerð, námi og kennslu

Páll kynnti niðurstöður könnunar meðal nemenda og kennara á nýju skipulagi kennslustunda sem var tekið upp í haust.

4. Jafnréttismál í ML - jafnréttisfulltrúi

Freyja Rós kynnti meistaraverkefni sitt sem var í formi starfendarannsóknar og sem fjallaði um jafnrétti í félagslífi nemenda í skólanum. Einnig greindi hún frá helstu verkefnum sínum sem jafnréttisfulltrúi í skólanum.

5. Önnur mál

a. Skm greindi frá því að úttekt á Grænfánaverkefninu er framundan og að HEF-verkefnið er í góðum farvegi.

b. Söfnun gamalla mynda

Páll kynnti verkefnið og fundarmenn kynntu sér aðstöðuna þar sem myndir eru settar á stafrænt form og vistaðar á vefnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason